

Í STUTTU MÁLI



Borga skatt af vatnsréttindum

Dómar Hæstiréttur Íslands kvað í október upp dóm um að skrá beri vatnsréttindi jarðeigenda við Jökulsá á Dal í fasteignaskrá. Nú hefur Þjóðskrá Íslands lokið við að meta réttindin til fjár. Á vef RÚV kemur fram að þau séu metin á 2.326 milljónir króna. Þar eru um 1.740 milljónir innan sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs en 586 milljónir innan Fljótsdalshrepps. Þetta þýðir að nú geta sveitarfélögin innheimt fasteignagjöld af réttindunum en vegna Kárahnjúka-virkjunar er eigandi þeirra Landsvirkjun. Telur sveitarstjóri Fljótsdalshérað að sveitarfélagið muni fá um 15 til 20 milljónir króna árlega í greiðslur frá Landsvirkjun vegna þessa. Samkvæmt dómi Hæstaréttar á sveitarfélagið nú þegar inni greiðslur fyrir síðustu þrjú ár.

260
farþegar

Flug. Tvær nýjar Boeing 767-300 vélar, sem Icelandair hefur keypt, eru komnar til landsins. Samkvæmt upplýsingum frá Icelandair eru þær að mestu komnar í Icelandair-litina að utanverðu, en þeim verður svo flogið til Kína þar sem þær verða innréttadar. Vélarinn tvær verða teknar í fulla notkun í byrjun maí. Nýju vélarinn taka 260 farþega í sæti, sem er um 40 farþegum meira en 757-200 vélarinn sem eru obbinn af flugvélaflota Icelandair. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu munu nýju vélarinn fljúga margar mismunandi leiðir, jafnt milli Íslands og Evrópu og til Bandaríkjana.



Af 53 sakamálum vegna skattalagabrota, sem farið hafa fyrir Hæstarétt, hefur verið sakfelldur í 45 þeirra.

VB MYND/BIG

Kvenstjórnendur sjaldan sakfelldir

Um 95% framkvæmdastjóra og stjórnarmanna sem sakfelldir eru í skattamála eru karlmenn. Ríkið vinnur 85% þessara sakamála fyrir Hæstarétti.

TRAUSTI HAFLÍDASON
trausti@vb.is

Þegar ríkið höfðar sakamál vegna skattalagabrota eru 98% líkur á sakfellingu í héraðsdómi samkvæmt úttekt sem Deloitte hefur unnið. Hlutfallið minnkar þegar þau mál sem fara alla leið fyrir Hæstarétt eru skoðuð en þar er sakfelldur í 85% mála, 9% mála er vísað frá og í 6% mála er sýknað. Pétur Steinn Guðmundsson, verkefnisstjóri á skatta- og lögfræðisviði Deloitte, fjallar um þetta mál á Skattadegi Deloitte í dag undir yfirskriftinni: „Er borin von að vinna stóra bróður?“



Pétur Steinn Guðmundsson


Úttekt Deloitte byggir á öllum dómum sem fallið hafa í Hæstarétti vegna skattalagabrota frá árinu 2005 til ársins 2015. Alls eru þetta 53 sakamál. Í héraði hefur verið sakfelldur í 52 af þessum 53 málum en í Hæstarétti í 45 af 53. Á því tíu ára tímabili sem hér um ræðir nemur heildar sektarfjárhæðin 1.509 milljónum króna.

Pétur Steinn segir að í sakamálum, þar sem rekstur sé undirliggjandi, séu framkvæmdastjórnar alltaf ákærðir – í hundrað prósentum tilvika.

„Það er áhugavert að 95% framkvæmdastjóra og stjórnarmanna, sem eru sakfelldir, eru karlar,“ segir Pétur Steinn. „Þetta er nokkuð áhugavert sérstaklega í ljósi þess

Lyktir skattamála

— fyrir Hæstarétti



að árið 2014 voru til að mynda rétt rúmlega 20% framkvæmdastjóra konur. Hvað veldur því að konur eru síður sakfelldar? Eru þær betri stjórnendur eða samviskusamari? Ég veit það ekki en það væri áhugavert að skoða þetta nánar.“

Að sögn Péturs Steins vekur einnig athygli að frá 1. janúar 2005 til 12. desember 2013 var engin sýkna í Hæstarétti í sakamálum vegna skattalagabrota. Þetta hefur hins vegar breyst síðustu tvö ár.

„Ég kann ekki að skýra nákvæmlega hvað gerðist en hugsanlega fóru menn að leggja meiri kraft í vörnina. Stór hluti af málunum eru játningamál og þau voru fleiri á fyrri hluta tímabilsins. Það getur líka skýrt eitthvað af þessu.“

Mismunur á fjölda dómara

Auk þess að skoða sakamál er Deloitte með gögn yfir dóma sem fallið hafa í Hæstarétti í bæði einkamálum einstaklinga gegn ríkinu og einkamálum lögaðila gegn ríkinu.

Af gögnunum að dæma er mjög á brattann að sækja fyrir einstaklinga að draga ríkið fyrir dómstóla í skattamála. Í einkamálum einstaklinga er vinningshlutfall

ríkisins 83% í héraði og í 83% tilfella hefur Hæstiréttur staðfest dóm héraðsdóms. Þetta þýðir að ríkið hefur unnið í 15 af 18 málum.

Lögaðilum, sem höfða einkamál gegn ríkinu, hefur hins vegar gengið töluvert betur en einstaklingum. Af þeim 32 málum, sem fallið hafa, hefur dómurinn í 38% tilfella fallið lögaðila í vil en 56% ríkinu í vil. Í 53% tilfella hefur Hæstiréttur staðfest dóm héraðsdóms.

Pétur Steinn segir að þegar einkamálín séu skoðuð vekir fjöldi dómara í Hæstarétti athygli.

„Í einkamálum lögaðila voru dómara fimm talsins í 56% málanna en í einkamálum einstaklinga voru þrjú dómara í 67% málanna. Það væri áhugavert að skoða frekar hvort þessi breyta skipti einhverju máli hvað varðar dómsniðurstöðu í málum lögaðila og einstaklinga. Það kann að vera að það séu oftast fleiri dómara í málum lögaðila því þau mál séu oftast forðæmisgefandi og varði mögulega stjórnarskrána. Það gæti breytt myndinni eitthvað en það er samt sláandi mikill munur á fjölda dómara í málum einstaklinga annars vegar og lögaðila hins vegar.“

Lítið breyst eftir hrun
Að sögn Pétur Steins var upphaflega ákveðið að taka þessi mál saman til þess að skoða hvort eitthvað hefði breyst við hrunið. „Fyrstu viðbrögð eru að það hefur ekki mikið breyst. Það virðast vera sambærilegir dómara fyrir og eftir hrun, svipað þungir. Sektirnir virðast hins vegar hafa hækkað en það hefur gerst hægt. Það sem kom okkur hvað mest á óvart þegar við vorum búin að taka þetta saman var þó þetta vinningshlutfall hjá lögaðilum, sem hafa höfðað einkamál gegn ríkinu. Mismunur á fjölda dómara í einkamálum lögaðila og einstaklinga var annað sem kom okkur á óvart.“

Vilja efla tengsl kvenna í orkugeiranum

Orkuíðnaður. Stofnfundur félagsins „Konur í orkumálum“ verður á morgun klukkan 16.30 í Norðurljósasal Hörpunnar. Á fundinum verða flutt tvö erindi um orkumál, annars vegar Sólrúnar Kristjánsdóttur, starfsmannastjóra OR, og hins vegar Margrétar Árnadóttur, verkefnisstjóra vindmylla hjá Landsvirkjun, en auk þeirra flytur Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra ávarp á fundinum. Að sögn Auðar Nönnu Baldvinsdóttur sem situr í stjórn félagsins er því fyrst og fremst ætlað að efla tengslanet kvenna í orkugeiranum og að skapa umræðuvettvang. Hún bætir því við að útlit sé fyrir að yfir 100 konur muni sækja stofnfundinn.



Lindura eikarparket

Gríðarlega höggþolnir 32 cm breiðir viðarplankar. Þýsk gæðaframleiðsla sem stenst ströngustu gæðakröfur.

VIDD
www.vidd.is